

Fundargerð stjórnar BÍS 24/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 30. nóvember 2011 kl. 20:00

Aukafundur um starfsáætlun 2012.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

Dagskrá:

1. Áherslur í starfi BÍS árið 2012: Rædd var nauðsyn þess að tengja áherslur í starfi BÍS við framtíðarsýn BÍS 2014 sem samþykkt var á Skátapiingi 2010. Farið var yfir leiðir að þessu markmiði.
2. Stjórnskipan BÍS og uppbygging skrifstofu: Rætt var um hvort núverandi skipan stjórnar og fastaráða þjónar best markmiðum BÍS. Einnig var rætt hvaða áherslur þarf að leggja í starfsemi skrifstofu BÍS til þess að styðja sem best vinnu að framtíðarsýn BÍS.
3. Nýskipan fræðslumála BÍS: ÓP kynnti tillögu að nýskipan fræðslubrautar sem kölluð er „Gilwell þjálfun“ og ætluð er öllum fullorðnum í skátarstarfi, jafnt sveitarforingjum sem fólki í stjórnnum skátafélaga eða öðrum störfum fyrir BÍS eða skáafélögin. ÓP falið að vinna áfram að útfærslu.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 22:30

Fundargerð ritaði JA